

Skrifstofa samgangna
Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2023
E-2023-101/00.11

Efni: Áform um gerð vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030

Vísað er til máls nr. 74/2023 sem auglýst er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða vegvísi að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 sem mun innihalda skilgreindar tímasettar aðgerðir sem miða að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði náð. Á meðal viðfangsefna vegvísisins verða samgöngutæki, eldsneyti og uppbygging innviða sem og leiðir til að draga úr kolefnisspori vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja. Vert er að halda því til haga að á árunum 2005-2020 var um þriðjungur af losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands vegna samgangna.

Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið er kemur að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og fagnar Landsvirkjun því að stjórnvöld vinni nú að vegvísi um orkuskipti í samgöngum. Landsvirkjun lýsir sérstakri ánægju með að vegvísirinn komi til með að innihalda tímasettar aðgerðir. Mikilvægt er að umræddar aðgerðir séu metnaðarfullar en um leið raunhæfar og í því tilliti hvetur Landsvirkjun sérstaklega til að tækniþróunarstigi ólíkra lausna sé veitt góð athygli við þróun vegvísisins.

Landsvirkjun hvetur einnig til að vegvísirinn komi til með að innihalda skýra leiðsögn um ábyrgð og ólíkt hlutverk stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja í þessari sameiginlegu vegferð okkar. Í þeim tilvikum sem skilgreindar aðgerðir stjórnvalda kunna að innifela lausnir sem enn eru ekki orðnar samkeppnishæfar hvetur Landsvirkjun til þess að vegvísirinn fjalli um mögulega aðkomu stjórnvalda að þeim verkefnum og, ef við á, möguleg hvata- og/eða stuðningskerfi sem kunna að verða nýtt til að styðja við framfylgni vegvísisins.

Ljóst er að orkuskipti í samgöngum kalla á umfangsmikla uppbyggingu innviða, s.s. í framleiðslu raforku og rafeldsneytis, í flutningi og dreifingu þess sama og hleðslu- og áfyllingarstöðva. Vegferðin er margþætt, mun krefjast aðkomu ólíkra arma stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja svo og samræmingar áherslna og stefnumörkunar þvert á ólíka málaflokka. Stefnumörkun og umgjörð um uppbyggingu raforkuinnviða er hér ekki undanskilin og telur Landsvirkjun mikilvægt að vegvísirinn innihaldi mat á raforkuþörf orkuskiptanna. Erfitt getur reynst að ná markmiðum ef sameiginlegur skilningur á undirliggjandi verkefni er ekki fyrir hendi. Þá er einnig mikilvægt að huga að skilvirkni skipulags- og leyfisveitingaferla þannig að þau ferli styðji við vegferðina.

Að endingu vill Landsvirkjun nefna að margt gott efni hefur verið unnið á undanförunum árum á vegum stjórnvalda, fyrirtækja og hagsmunasamtaka sem nýst getur vel við þróun umrædds vegvísis. Hér vill Landsvirkjun ekki síst benda á óbirtan vegvísi um vetni og rafeldsneyti sem unninn var á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.



Landsvirkjun sjálf hefur einnig fjárfest í viðamikilli þekkingu á þessu sviði og oftar en ekki í samstarfi við leiðandi fyrirtæki í samgöngum á Íslandi. Landsvirkjun hvetur til að gott samráð sé haft við þau leiðandi fyrirtæki sem fyrirsjáanlega munu leika stórt hlutverk í vegferðinni. Landsvirkjun er einnig boðin og búin að styðja dyggilega við þróun vegvísisins.

Virðingarfyllt,

Þórólfur Nielsen

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni